

Fréttir og fróðleikur



Veffflugan
VEFFRÉTTABLAÐ feb. 2015



LANDSSAMTÖK
LÍFEYRISSJÓÐA

Lífeyriskerfið fær gæðastimpil frá OECD

Bls. 2, 7-9



Góð afkoma lífeyrissjóða 2014

Bls. 3



Nýtt líf á eftirlaunum um sextugt

Bls. 4-6





Á OECD-kynningarfundum á Grandhótelum. Frá vinstri: Unnur Gunnarsdóttir, forstjóri Fjármálaeftirlitsins; Pórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri Landssamtaka lífeyrissjóða; Gunnar Baldvinsson, formaður Landssamtaka lífeyrissjóða og Gunnar Björnsson, forstöðumaður kjara- og mannaúðsskrifstofu fjármálaráðuneytisins.

Styrkur lífeyriskerfisins staðfestur í alþjóðarannsókn

„OECD-rannsóknin staðfestir að íslenska lífeyriskerfið er sterkt í alþjóðlegum samanburði. Forsendur hennar eru alls staðar eins og við höfum því fengið í fyrsta sinn niðurstöður sem eru fyllilega sambærilegar.

Forystusveitir lífeyrissjóða munu rýna skýrsluna, ekki síst þar sem bent er á veikleika lífeyriskerfisins, í því skyni að gera gott kerfi enn betra,“ segir Gunnar Baldvinsson, formaður Landssamtaka lífeyrissjóða, um nýja skýrslu þar sem birtur er íslenskur hluti alþjóðlegs rannsóknarverkefnis vegna samanburðar á nægjanleika lífeyris fólks á aldrinum 35-64 ára á vinnumarkaði árið 2012.

„Í ljósi þess að í mannfjöldaspám á Vesturlöndum er gert ráð fyrir því að lífeyrisþegum fjölgi en fólki á vinnumarkaði fækki hlutfallslega er mikil gæfa að Íslendingar hafi valið að byggja upp lífeyrissjóði sem greiða meirihluta eftirlauna. Þá sýnir rannsóknin að viðbótarlífeyrissparnaður bætir stöðu þeirra sem nýta sér þennan hagkvæma sparnað.

Þrátt fyrir að rannsóknarniðurstaðan sé hagstæð verðum við að halda vöku okkar og að hlúa áfram að kerfinu til að styrkja það enn frekar. Niðurstaða rannsóknarinnar sýnir hátt lífeyrishlutfall en tvennt ber að hafa í huga sem skiptir máli til framtíðar:

1. Í þessum samanburði er reiknað með að meðalævin verði óbreytt en reynslan sýnir að hún lengist og skuldbindingar lífeyrissjóða aukast að sama skapi.
2. Miðað er við óbreyttar reglur um almannatryggingar en gangi eftir spár um gjörbreytta aldursamsetningu þjóðarinnar getur það haft mikil áhrif á getu almannatrygginga til að greiða lífeyri.“


Sjá nánar bls. 7-9

Raunávöxtun 2014 áætluð 7,2%

Lífeyrissjóðir landsmanna skiluðu góðri afkomu á árinu 2014. Nákvæmar heildartölur um ávöxtun liggja ekki fyrir, enda hafa ekki allir sjóðir lokið ársuppgjörum sínum.

Landssamtök lífeyrissjóða hafa safnað saman upplýsingum sem fyrir liggja og áætla að raunávöxtun lífeyrissjóða hafi að jafnaði verið 7,2% á árinu 2014. Ávöxtun samtryggingardeilda var 7,4% og ávöxtun séreignardeilda 5,0%.

- Erlendar eignir lífeyrissjóða hækkuðu mest árið 2014. Erlend verðbréf í íslenskum krónum skiluðu mestri ávöxtun, sem skýrir að hluta góða afkomu sjóðanna. Innlend hlutabréf og skuldabréf skiluðu líka góðri ávöxtun.
- Áætlaðar heildareignir lífeyrissjóða voru 2.920 milljarðar króna í lok árs 2014, þar af 2.235 milljarðar í innlendum verðbréfum og 685 milljarðar í erlendum verðbréfum.
- Heildareignir lífeyrissjóða hækkuðu um 10% á árinu 2014 og jafngilda nú hálfri annarri þjóðarframleiðslu Íslendinga.
- Góð ávöxtun og lítil verðbólga styrkir tryggingafræðilega stöðu lífeyrissjóða. Lífeyrissjóðir án ábyrgðar launagreiðenda eiga nú fyrir heildarskuldbindingum sínum.
- Raunávöxtun lífeyrissjóða til langs tíma er góð. Hún var 4,0% að jafnaði undanfarin tuttugu ár (1993-2014) og 5,1% að jafnaði undanfarin fimm ár (2010-2014).



Fólki þótti alveg galið að við skyldum hætta að vinna sextug



Póra og Óli við Látrabjarg.
Bjargið og nágrenni þess er einmitt helsta viðfangsefnið hans nú í grúski á eigin vegum.

„Við fengum mikil viðbrögð þegar samstarfsfólk, vinir og kunningjar heyrðu að við ætluðum á eftirlaun um sextugt. Fólk sagði: Þið sem eruð svo hress á líkama og sál og getið alveg unnið mun lengur; hvaða vitleysa er þetta eiginlega?!

Menn litu gjarnan svo á að við ætluðum að setjast í helgan stein en svo er alls ekki. Við snerum okkur einfaldlega að öðrum viðfangsefnum. Þetta eru kaflaskil og ný tilvera.“

Hjónin Þóra Ákadóttir, hjúkrunarfræðingur og starfsmannastjóri og Ólafur B. Thoroddsen, landfræðingur og skólastjóri, ákváðu að hætta í störfum sínum á árinu 2014 og fara á eftirlaun um sextugt.

Bæði höfðu verið í krefjandi stjórnunarstöðum um árabíl. Hún var hjúkrunarforstjóri á Heilsugæslustöðinni á Dalvík og endurhæfingar- og öldrunarlækningadeild í Kristnesi en lengst á Sjúkrahúsinu á Akureyri sem starfsmannastjóri hjúkrunar og staðgengill framkvæmdastjóra hjúkrunar og síðast starfsmannastjóri Sjúkrahússins á Akureyri.

Hann var kennari á Dalvík og síðar kennari í Síðuskóla á Akureyri og skólastjóri þar í 17 ár.

Þau söðluðu hressilega um sumarið 2014. Ólafur mætir nú á hverjum morgni til vinnu hjá sjálfum sér í Akureyrarakademíunni og vinnur að bók um Látrabjarg og Hvallátra, Þóra er orðin farandhjúkrunarfræðingur í Noregi.

„Við fáum eftirlaun í samræmi við 95 ára regluna (samanlagður líf- og starfsaldur), 64% af grunnlaunum. Við vorum bæði á tiltölulega háum grunnlaunum sem stjórnendur og skuldum lítið. Auðvitað voru viðbrigði þegar launin lækkuðu en við komumst vel af og höfum enga ástæðu til að kvarta.

Skólastjóri varð grúskari, starfsmannastjóri varð farandhjúkrunarfræðingur

Við lögðum fyrir í séreignarsjóði frá því séreignarsparnaður kom til sögunnar. Það var skynsamleg ákvörðun og kemur okkur til góða nú. Við gerðum því allt rétt að þessu leyti, sýnist okkur.

Eftir á að hyggja hefðum við hugsanlega getað lagt enn meira fyrir. Aðalatriðið er samt að leggja fyrir. Fólk ætti að safna í séreignarssjóði og byrja eins snemma á starfsævinni og mögulegt er. Séreign getur ráðið úrslitum um afkomuna þegar kemur að eftirlaunaskeiðinu.“

Reglulegur vinnutími í sjálfsmenskunni

„Ég stefndi alltaf að því að fara á eftirlaun þegar ég hefði öðlast réttindi til slíks og var andlega vel búinn undir breytinguna, sem vissulega var veruleg“, segir Ólafur.



Viðtal á tækniöld. Annar viðmælandinn við stofuborð á Akureyri, hinn á farsímaskjá frá Noregi.

„Raunar beið ég í áratugi eftir að hætta að vinna til að geta farið af fullum krafti í verkefni sem ég hófst handa við strax á námsárum í Háskóla Íslands, að safna efni og skrifa um Látrabjarg og Hvallátra, bæði náttúrufar, atvinnuhætti og mannlíf. Ég var í fimm sumur á Látrum, hjá Þórði Jónssyni og Sigríði Ólafsdóttur Thoroddsen, föðursystur minni. Það var dásamlegur tími og ég ætla mér eiginlega að borga fyrir uppeldið á Látrum með grúski og skrifum nú.

Þetta verður samvinnuverkefni okkar Gísla Más Gíslasonar, prófessors í líffræði og Látramanns að uppruna. Hann er að skrifa um Rauðasandshrepp fyrir Ferðafélag Íslands og kemur síðan inn í Látrabjargsverkefnið með mér.

Ég fékk inni hjá Akureyrarakademíunni og mæti þangað klukkan átta á virkum dögum og vinn fram eftir degi. Mér finnst mikilvægt að stunda sjálfsmenskuna eins og venjulega vinnu frá morgni til kvölds. Breytir engu þó ég starfi nú algjörlega á eigin vegum og haldi sjálfum mér gangandi í grúskinu, án styrkja eða fjárhagsstuðnings af neinu tagi.

Þegar öllu er á botninn hvolft stendur ný tilvera undir væntingum. Hið eina sem kemur á óvart er að ég skuli fá samviskubit ef vinnudagur fellur niður hjá mér af einhverjum ástæðum. Ég vil sem sagt halda sjálfum mér við efnið!“





Í Kjarnaskógi vorið 2014. Þóra sextug og tímamótunum var fagnað á viðeigandi hátt!

Á upphafsreit að nýju – í Noregi

„Mig dreymdi alltaf um að prófa að vinna erlendis. Þegar ég hætti á Sjúkrahúsinu á Akureyri á síðasta ári ákvað ég að sækja um norskt hjúkrunarleyfi og hingað er ég komin,“ segir Þóra Ákadóttir í tölvusamtali frá Noregi.

Eftir áramót hóf hún sex vikna vinnutörn á hjúkrunarheimili fyrir aldraða í bænum Etne, skammt frá Haugasundi, miðja vegu milli Stafangurs og Björgvinjar.

„Ég gat fært mig yfir í A-deild Lífeyrissjóðs ríkisins árið 1997 en kaus að vera áfram í Lífeyrissjóði hjúkrunarfræðinga og ná að óbreyttu eftirlaunaaldri samkvæmt 95 ára reglunni í júní 2014. Sá tími var fjarlægur þá en hann rann upp!

Ég kaus að nýta mér réttinn til að fara strax á eftirlaun og breyta til eftir að hafa verið í nær 35 ár samfleytt í stjórnunarstöðu í heilbrigðisþjónustunni og í 10 af þeim árum jafnframt verið virk í pólitík, þar af 8 ár bæjarfulltrúi á Akureyri. Nú er ég komin „á gólfið“ aftur eftir öll þessi stjórnunarár og sinni fimmtán sjúklingum á hjúkrunarheimili fyrir aldraða og heimahjúkrun hér í Etne.

Ég fékk upphringingu frá Noregi og ósk um að koma með fimm daga fyrirvara út og byrja að vinna. Það gerði ég og var orðin sjálfbjarga á vinnustaðnum fjórum dögum síðar. Ég þurfti að læra á tölvukerfið og kynna mér hvað ýmis lyf heita núna sem hétu eitthvað allt annað á árum áður. Ég var í meistaránámi í Svíþjóð á sínum tíma og á ekki í neinum vandræðum með að tjá mig við Norðmennina.

Svo var bara að hella sér út í þetta og mér býðst mun meiri vinna en ég kæri mig um. Það skortir hjúkrunarfræðinga víða í Noregi og launin eru ívið hærrí en bjóðast á Íslandi. Núna er ég á hjúkrunarheimili en verð í sumar á heilsugæslustöð og hjúkrunarheimili í bænum Sauda hér skammt frá.

Draumurinn var sem sagt að starfa erlendis og auðvitað eru það forréttindi að geta látið hann rætast í skjóli lífeyrirséttinda sem hafa áunnist í starfi heima og viðbótarsparnaðar að eigin frumkvæði.“ ■



Gestir á kynningarfundi um OECD-skýrsluna á Grandhótelu 4. febrúar: Haukur Ingibergsson, starfsmaður Landssambands eldri borgara; Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, formaður Landssambands eldri borgara og Stefán Ólafsson, prófessor í félagsfræði við Háskóla Íslands.

Meginkröfur OECD um lífeyriskerfi uppfylltar

Ný rannsókn OECD um nægjanleika lífeyrissparnaðar beindist að því að leiða í ljós bæði styrkleika og veikleika lífeyriskerfa í ríkjum Efnahags- og framfarastofnunarinnar, OECD, og bera saman niðurstöðurnar.

Kjarni máls í niðurstöðum er sá að lífeyriskerfið á Íslandi stenst ágætlega stefnumarkandi tilmæli OECD um uppbyggingu lífeyriskerfa.

Helstu einkenni **styrkleika** kerfisins eru að

- sjóðsöfnun er mikil. Þar sker Ísland sig úr að því að leyti að hátt í 77% lífeyrisgreiðslna munu koma úr sjóðum sem safnað hafa eignum til að greiða lífeyri.
- öryggisnet almannatrygginga er mikilvægt fyrir lágtekjufólk, þ.e. lífeyrisgreiðslur Tryggingastofnunar skapa þeim öryggi sem fá lágan lífeyri úr lífeyrissjóðum vegna fjarveru af vinnumarkaði, lágra launa eða minni réttindaávinnslu á fyrstu áratugum almennu lífeyrissjóðanna.
- lífeyrisþegar framtíðarinnar fá yfirleitt meiri lífeyri en nú er greiddur. Samanlagður lífeyrir frá sjóðunum og almannatryggingum verður að jafnaði um þriðjungu hærrí en hjá þeim sem nýlega hófu töku lífeyris.
- hlutur viðbótarlífeyrissparnaðar (séreignar) fer vaxandi í heildarlífeyri framtíðarinnar.

Helstu einkenni **veikleika** kerfisins eru að

- lífeyrir er almennt séð talinn lágur um þessar mundir.
- verulegur munur er á lífeyrisréttindum opinberra starfsmanna og fólks á almennum vinnumarkaði (almannatryggingar draga úr þeim mun).
- tekjutenging almannatrygginga og lífeyristekna er mikil.
- margir ná ekki viðmiði um 56% lífeyrishlutfall úr samtryggingarsjóðum (einkum vegna rofs í iðgjaldasögu).

Nær allir landsmenn eiga rétt í almennu sjóðunum!

Það kom sérfræðingum, sem unnu að OECD-skýrslunni um nægjanleika lífeyrissparnaðar, nokkuð á óvart hve fjölbreyttur og hreyfanlegur íslenskur vinnumarkaður er í raun ef horft er til réttindaávinnslu landsmanna í lífeyrissjóðum sínum.

Eftir að gögnum hafði verið safnað og þau greind kom í ljós að nær allir Íslendingar eiga einhvern rétt í almennu lífeyrissjóðunum og tveir af hverjum þremur eiga einhvern rétt í opinberu sjóðunum.


Þegar öllu er á botninn hvolft er yfir ein milljón sjóðfélaga í lífeyrissjóðum á Íslandi, margfalt fleiri en sem nemur raunverulegum mannfjölda eða fjölda kennitalna. Margir eiga með öðrum orðum lífeyrisréttindi í mörgum sjóðum, flestir vegna vinnu á námsárum á fleiri stöðum.

Sömuleiðis kom sérfræðingunum á óvart hve margir erlendir ríkisborgarar eiga lífeyrisréttindi á Íslandi, fólk sem hefur staldrað hér við, unnið um lengri eða skemmri tíma og greitt í lífeyrissjóði.

OECD-rannsóknin miðaðist við árið 2012 og tók til fólks sem fæddist á árabílinu 1948-1977. Heildarfjöldi í grunnúrtaki var hátt í 177.000 manns en af þeim voru einungis liðlega 120.000 búsettir á Íslandi í lok árs 2012.

Sérfræðingarnir tóku 1977-árganginn sérstaklega til athugunar. Það ár fæddust um 4.300 manns, þar af voru um 4.100 búsettir á Íslandi í lok árs 2012. Útgefnar kennitölur árgangsins voru hins vegar yfir 7.000, sem sýnir að nærri 3.000 manns af erlendum uppruna, fæddir 1977, hafa fengið úthlutað íslenski kennitölu.

Vægi sjóðsöfnunar 77%



■ Lífeyrir almannatrygginga

■ Stoð 2

Lífeyrir opinberra sjóða með bakábyrgð

■ Stoð 2

Lífeyrir almennra sjóða

■ Stoð 3

Viðbótarlífeyrissparnaður

Efnahags- og framfarastofnunin – OECD leggur áherslu á að þjóðir hagi lífeyrismálum sínum þannig að hver kynslóð leggi fyrir í sjóð til að standa undir lífeyrisgreiðslum. Þannig sé dregið úr þörf á greiðslum úr ríkissjóðum vegna almannatrygginga.

Þetta er nákvæmlega sú leið sem Íslendingar hafa fetað. Í nýju OECD-skýrslunni er brugðið upp skýrri mynd af vægi sjóðsöfnunar í heildarlífeyrisgreiðslum á Íslandi, einum helsta styrks lífeyriskerfisins hér.

Tæplega fjórðungur lífeyris kemur sem sagt frá almannatryggingum en þrír fjórðu úr lífeyrissjóðum.



Stephanie Payet, sérfræðingur hjá OECD, í viðtali á Stöð 2 að loknum kynningarfundum á Grandhótelu. Á neðri myndinni eru fyrirlesararnir fjórir sem kynntu aðferðafræði og meginniðurstöður skýrslunnar. Stefán Halldórsson, verkefnastjóri Landssamtaka lífeyrissjóða, í ræðustóli, næst honum sitja Björn Z. Ásgrímsson, sérfræðingur hjá Fjármálaeftirlitinu; Stephanie Payet og Bjarni Guðmundsson tryggingastærðfræðingur.

Molar fróðleiks

- Í árslok 2013 voru alls 27 lífeyrissjóðir á Íslandi.
- Heildareignir sjóðanna voru 2,4 milljarðar króna í lok árs 2013 eða sem svaraði til 135% af vergri landsframleiðslu. Einungis lífeyrissjóðir Hollendinga áttu hlutfallslega meiri eignir innan OECD.
- Lífeyrir úr samtryggingarsjóðum nam 62% af heildarlífeyrisgreiðslum á Íslandi í lok árs 2013, sem var hæsta hlutfall innan OECD líkt og nokkur ár þar á undan. Sambærilegt hlutfall í öðrum OECD-ríkjum er frá 52% niður í ekki neitt.
- Umfang viðbótarlífeyrissparnaðar og eiginfjármýndun í íbúðarhúsnæði á Íslandi er mikil á alþjóðavísu og dregur úr líkum á að fólk þurfi að breyta verulega lífstíl sínum á eftirlaunaaldri.
- Ef virði hreinnar eignar Íslendinga í íbúðarhúsnæði væri breytt í sjóð og dreift yfir þann tíma sem þeir eiga ólifaðan af meðalævi myndi lífeyrir hækka um 18 prósentustig.
- Ísland er í langefsta sæti í OECD yfir atvinnuþátttöku í yngstu aldersflokkum (15-24 ára) og þeim elstu (55-69 ára).

